

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd

20. maí 2020

Umsögn Samorku um frumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (EES-reglur, plastvörur)

Með vísan í umsagnarbeiðni umhverfis- og samgöngunefndar frá 6. maí síðastliðnum, þar sem óskað var eftir umsögn Samorku, þá veita samtökin hér umsögn sína.

Í greinargerðinni með frumvarpinu kemur fram að „meginmarkmið frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið. Með innleiðingunni er stefnt að því að draga úr áhrifum af notkun plasts á umhverfið og heilsu fólks, og vekja neytendur til umhugsunar um neyslu og umhverfisáhrif plasts, draga úr notkun einnota plastvara og styðja við notkun fjölnota vara“. Samorka tekur undir þessi markmið og styður frumvarpið. Umhverfismál eru forgangsmál hjá orku- og veitufyrirtækjunum og fagna þau því áherslu stjórnvalda á að draga úr umhverfisáhrifum plastvara.

Bann við að setja plastvörur á markað

Í 5. gr. laganna er lagt til að óheimilt verði „að setja á markað hverja þá vöru úr plasti sem er niðurbrotanleg með oxun“. Þá verði óheimilt að setja á markað ýmsar einnota plastvörur, svo sem baðmullarpinna, hnífapör og drykkjarílát úr frauðplasti.

Í umfjöllun um greinina kemur fram í greinargerðinni að „Eins og skilgreining hugtaksins í frumvarpinu gefur til kynna er það eðli þessa plasts að sundrast í öragnir. Í ljósi aukinnar þekkingar á útbreiðslu og skaðsemi örplasts í umhverfinu er óæskilegt að á markaði séu vörur úr plasti sem beinlínis er gert til að mynda örplast.“ Undanfarin ár hafa farið fram ítarlegar rannsóknir víða um heim á uppruna og dreifingu örplasts. Þær rannsóknir hafa sýnt fram á nauðsyn þess að eiga við örplastsmengun sem næst upprunanum, að þannig náist bæði mestur árangur og á sem hagkvæmastan hátt. Með þessu ákvæði er stigið mikilvægt skref í þá átt.

Samorka minnir einnig á annan uppruna örplastsmengunar og mikilvægi þess að eiga við hana. Þar þarf t.d að horfa til dekkjakurla sem dreift er á fótboltavelli, örplasts sem berst í gegnum þvottavélar, glit í vegamálningu, snyrtivörur sem og blautklúta sem einnig valda miklum vandræðum í rekstri fráveitukerfa og auknum kostnaði. Samtökin eru ávallt tilbúin til samstarfs um leiðir til að vinna gegn þeirri mengun – og þar ætti áherslan ávallt að vera á meginreglu mengunarstjórnunar – að eiga við mengun sem næst upprunanum.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst, f.h Samorku



Páll Erland, framkvæmdastjóri.